

REGLUR

um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi

Fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs, setur hér með, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftirfarandi reglur um greiðslur ríkissjóðs fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi:

1. Hámarksgreiðslur ríkissjóðs miðast við eftirfarandi gæslustundafjölda á viku:

1.1

Nemendafjöldi í heimavist	Hámarksfjöldi gæslustunda til greiðslu á viku
6— 10 nem.	26.63 klst.
11— 20 nem.	26.63 klst. + 0.91 á nem. umfram 10
21— 50 nem.	35.75 klst. + 0.33 á nem. umfram 20
51— 80 nem.	45.50 klst. + 0.82 á nem. umfram 50
81—100 nem.	70.12 klst. + 0.84 á nem. umfram 80
101 nem.	87.00 klst. + 0.50 á nem. umfram 100

Ofangreind skrá miðast við, að nem. komi í skóla kl. 11.00 á mánudögum og fari kl. 16.15 á föstudögum.

- 1.2 Í þeim tilvikum, sem menntamálaráðuneytið kann að úrskurða umframgæsluþörf í samræmi við ákvæði a)—c) liða 6. gr. reglna menntamálaráðuneytisins dags. 6. mars 1974, mun ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af því leiðir.
- 1.3 Fyrirvari er gerður um hámark gæslustunda, þar sem skólastjóri hefur ekki aðstoðarfólk við kennslu eða gæslustörf.
2. Um kjör gæslufólks fer eftir kjarasamningum.
3. Sveitarfélög, er að skóla standa, greiða gæslufólki umsamin laun og endurkrefja ríkissjóð um hlutdeild ríkisins.
4. Reglur þessar gildi frá 1. september 1978, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1978.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðmundur Karl Jónsson.